

82. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 13.júní 2013 kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Reimar Sigurjónsson, Nanna S. Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Sveitarstjóri óskar eftir að bætt verði við lið 12 á dagskrá og nefnist hann fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar dags. 13. júní 2013. Samþykkt samhljóða.

Oddviti óskar eftir að bætt verði við lið 13 á dagskrá og nefnist hann trúnaðarfundur vegna nýsköpunar. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 81

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð atvinnu-,menningar – og ferðamálanefndar dags. 3. júní 2013

Sveitarstjóri bendir á lið 3 þar sem nefndin er sammála eftirtalinni forgangsröð fyrir styrkupp hæð 2,5 millj. Skoruvík –Fontur, Heiðarfjall,Öxarfjarðarheiði. Sama erindi var sent til formanns Landbúnaðarnefndar og engar tillögur borist þaðan.

Sveitarstjóri leggur til að styrkurinn fari í verkefnið Skoruvík –Fontur. Borið upp, 1 með tillögunni.

Oddviti leggur til að send verði ítrekun á Landbúnaðarnefnd og beðið eftir tillögu frá henni. Borið upp 4 með tillögunni, 1 á móti og 1 sat hjá.

Komið inn á liðinn Káta daga í fundargerð atvinnu- menningar- og ferðamálanefndar. Oddviti kynnti að hann vissi að hópur ungmenna ætli að fara af stað og halda hátíðina. Gunnólfur kynnti að honum hefði borist tölvupóstur þess efnis í dag. Samþykkt að gera eins og undanfarin ár að leggja til húsnæði og vinnu áhaldahússins sem styrk í hátíðina.

3. Fundargerð umhverfis-og skipulagsnefndar dags. 6. júní 2013

Lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð nr. 806 fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram til kynningar.

5. Aukafundur sveitarstjórnar (trúnaðarfundur) dags. 10. júní. 2013

Enginn gögn voru með þessum lið.

6. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Framkvæmdir síðustu daga og framkvæmdir framundan. Margar framkvæmdir eru komnar í gang m.a. tjaldstæðið og opin svæði.
- Fundir haldnir sem starfsmönnum deilda eftir þörfum.
- Farin ein ferð á Bakkafjörð
- Veraldarvinir eru komnir og farnir. Unnu mikið og gott verk í skruðgarðinum.
- Vinnuskólinn er kominn í gang. Búið að ráða flokksstjóra bæði á Þórshöfn og á Bakkafirði sem munu vinna með krökkunum í sumar.
- Uppsögn sveitarstjóra

„Ég vil byrja á því að lýsa yfir furðu minni og óánægju með að sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur sagt mér upp störfum þrátt fyrir góðan árangur í framkvæmdum, fjármálum- og hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins.

Ég verð að treysta því að sveitarstjórnarmenn sem að uppsögninni stóðu hafi gert það samkvæmt eigin sannfæringu og með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi enda segir í sveitarstjórnarlögum að sveitarstjórnarmenn séu sjálfstæðir í störfum sínum og að þeir séu einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Ég mun áfram sem hingað til vinna af heilum hug til hagsbóta fyrir sveitarfélagið enda er ég kosinn í sveitarstjórn og mun sinna þeim skyldum sem því fylgir.

Að lokum vil ég sem sveitarstjóri þakka íbúum sveitarfélagsins og samstarfsfólki mínu fyrir ánægjulega viðkynningu og frábært samstarf.“

Sveitarstjórn að undanskyldum Gunnólfi Lárussyni óskaði eftir að fá að bóka eftirfarandi:

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur samþykkt að segja upp starfssamningi við Gunnólf Lárusson sveitarstjóra og mun uppsögn hans taka gildi 1. júlí næstkomandi. Telur sveitarstjórn að orðið hafi trúnaðarbrestur í samstarfi við Gunnólf, ekki ríki lengur traust á milli aðila og því treystir sveitarstjórn sér ekki til að starfa með Gunnólfi á síðast fjórðungi kjörtímabilsins. Sveitarstjórn þakkar Gunnólfi vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni“

Fyrirspurnir um skýrslu sveitarstjóra:

Sveitarstjórnarmenn spurðu út í vinnu veraldarvina en hún gekk vel og þau stóðu sig með þryði.

7. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags 31. maí 2013

Lagt fram til kynningar.

8. Afrit af bréfi til Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytis frá Umhverfis-og auðlindaráðuneytinu dags. 5. júní 2013 ásamt fylgibréfum

Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá sýslumanninum á Húsavík dags. 23. maí 2013

Í bréfinu er sýslumaðurinn á Húsavík að benda á að leyfisbréf vegna veitingarstofu í félagsheimilinu Þórsveri renni út 15.07.2013 meðfylgjandi er umsóknareyðiblað.

Samþykkt samhljóða að endurnýja leyfið.

10. Erindi frá slökkviliði Langanesbyggðar vegna slökkvibílfreiðar

Í erindinu er slökkviliðið að óska eftir því að skipta út slökkvibílnum á Bakkafirði fyrir hentugri bíl. Borið undir fundinn að heimila Þórarni Þórisyni slökkviliðsstjóra að kynna málið. Samþykkt samhljóða. Þórarinn fór yfir það hvað þessi bíll hefði framyfir þann sem nú er á Bakkafirði og kostina sem fylgja því að skipta bílnum út. Þórarinn telur þetta mjög góðan kost fyrir slökkviliðið.

Þórarinn kynnti stöðu slökkviliðsins í dag og fór yfir starfsemina að undanfögnu. Slökkviliðsmenn hafa verið að mennta sig og það er jákvætt.

Spurt út í flugslysaæfinguna og styrk héraðsnefndarinnar vegna hennar.

Borið undir fundarmenn að samþykkja að skipta út slökkvibílnum á Bakkafirði fyrir hentugri bíl og nota það sem fæst á milli í kaup á nýjum klippum.

Samþykkt samhljóða og slökkviliðsstjóra falið að ganga frá þessu í samstarfi við sveitarstjóra.

11. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013

Í endurskoðari fjárhagsáætlun er viðauki vegna verkefna sem samþykktir voru á sveitarstjórnarfundum 30. maí 2013

Viðaukinn við fjárhagsáætlun 2013 borinn undir fundinn og samþykktur samhljóða.

12. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar dags. 13. júní 2013

Liður 1 í fundargerð USN dags. 13. júní 2013

Samþykktur samhljóða.

13. Trúnaðarfundur vegna nýsköpunar

Fært í trúnaðarbók.

Fundargerð upplestin

Fundargerðin borinn undir fundinn og samþykktur samhljóða.

Fundi slitið kl 19:00